



Bíbí í Berlín uppfrædd og fermd

Guðrún V. Stefánsdóttir, Sólveig Ólafsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon

► Abstract ► Um höfunda ► About the authors ► Heimildir

Bíbí hét fullu nafni Bjargey Kristjánsdóttir (1927–1999) og var kennd við kotbæ foreldra sinna, Berlín, sem var rétt utan við Hofsó. Hún þótti bráðgert barn en veiktist á fyrsta ári og var í kjölfarið stimpluð sem „fáviti“ af fjölskyldu sinni og sveitungum. Bíbí var fædd á þeim tíma sem fötluðu fólki og fjölskyldum þess stóð engin opinber þjónusta til boða. Hún naut engrar formlegrar skólagöngu, var hornreka á heimilinu framan af og var falin fyrir gestum og gangandi. Bíbí skildi eftir sig umfangsmikla sjálfsævisögu sem hún skrifaði í einrúmi, hélt leyndri fyrir fjölskyldu sinni og samferðafólki og fáir vissu um tilvist hennar. Sjálfsævisaga Bíbíar ber vott um góða greind og innsæi í líf sitt og aðstæður og kemur að flestum tímabilum í lífshlaupi hennar. Markmið greinarinnar sem hér fer á eftir er tvíþætt. Annars vegar að varpa ljósi á barnæsku Bíbíar, uppfræðslu hennar og fermingu eins og birtist í sjálfsævisögunni, en þó að hún hafi ekki gengið í skóla fékk hún kennslu heima fyrir og lærði meðal annars að lesa og skrifa. Hins vegar er rýnt í margþættar opinberar heimildir sem til eru um barnæsku Bíbíar með það að markmiði að afhjúpa söguleg viðhorf sem enn þann dag í dag setja mark sitt á skólagöngu og tilveru fatlaðs fólks. Með þeim hætti teljum við að greina megi þau menningarlegu viðhorf sem finna mátti á þeim tíma sem Bíbí var að alast upp og um leið spegla samtímamann í sögu hennar. Sjálfsævisaga Bíbíar er einstök heimild sem stendur framarlega í flokki íslenskra sjálfsbókmennta þar sem hún er til þess fallin að auka þekkingu á stöðu þeirra sem voru á jafri samfélagsins, ekki síst fatlaðra kvenna og stúlkna.

Efnisorð: Sjálfsævisaga, gagnrýnin fötlunarfræði, einsaga, samtvinnun

Inngangur

Í greiningu á sjálfsævisögu Bíbíar eru tvinnar saman aðferðir og sjónarhorn tveggja fræðasviða, þ.e. gagnrýnnar fötlunarfræði og einsögu (e. microhistory), í þeim tilgangi að skapa gagnrýna hugsun og umræðu um fatlað fólk í sögu og samfélagi. Þá verða femínískar kenningar um samtvinnun hafðar að leiðarljósi og leitast við að greina með hvaða hætti fötlun, kyn og stéttarstaða samtvinnast í barnæsku Bíbíar. Tilgangurinn er að draga fram mynd af Bíbí sem finna má í sjálfsævisögu hennar en auk þess að stækka hana og dýpka með því að nota fjölbreyttar opinberar heimildir sem til eru um Bíbí. Við erum þeirrar skoðunar að sjálfsævisagan gefi einstakt tækifæri til að kanna hugarheim fatlaðrar konu í samfélagi sem tókst illa á við fötlun hennar. Leiðirnar sem hún valdi til að þrauka þorrann eru upplýsandi og endurspeglar samfélagsgerð 20. aldar.

Greinin skiptist í fjóra meginhluta: Í fyrsta lagi verður sjónum beint að sögulegum bakgrunni, sjónarhornum og aðferðum í greiningu á sjálfsævisögu Bíbíar. Í öðru lagi verður fjallað um barnæsku Bíbíar, félagslegar aðstæður hennar og viðhorf sem hún mætti sem barn. Í þriðja lagi verður sjónum beint að áhrifum lækna og presta á greiningu, skólagöngu og fermingu Bíbíar. Í fjórða lagi verður gerð tilraun til að draga lærdóm af sögu Bíbíar og velta upp spurningum um hvaða erindi sjálfsævisaga Bíbíar á við nútímamann.

Sögulegur bakgrunnur og niður menningarinnar

Á þeim tíma sem Bíbí var að alast upp var mannkynbótastefna og læknisfræðilegur skilningur á fötlun ríkjandi og hafði mikil áhrif á viðhorf og aðbúnað fatlaðs fólks. Greina má áhrif þessara hugmyndakerfa alla 20. öldina og fram til dagsins í dag (Hanna Björg Sigurjónsdóttir o.fl., 2013; Hollomotz, 2011). Viðhorf sem þessum stefnum fylgdu urðu til þess að útiloka og einangra fatlað fólk og fleiri jaðarhópa frá samfélagsþátttöku og sólarhringstofnanir fyrir fólk með þroskahömlun risu fyrir bragðið víða um heim. Mannkynbótastefnan átti auk þess stóran þátt í að litið var á fatlað fólk, ekki síst konur og stúlkur, sem mikla ógn við hinn hreina kynstofn og sem harmleik foreldra og fjölskyldu (Carlson, 2010; Unnur B. Karlsdóttir, 1998). Það þótti mikil skömm að eignast fatlað barn, um þau ríkti þöggun í samfélaginu og ekki var óalgengt að þau væru annaðhvort falin og einangruð á heimilum sínum, rétt eins raunin var með Bíbí, eða send á stofnanir (Hilma Gunnarsdóttir, 2009).

Fyrstu löggin um þjónustu við fatlað fólk hér á landi, eða hin svonefndu „fávitalög“, voru samþykkt á Alþingi árið 1936 (lög um fávítahæli, nr. 18/1936) en þá var Bíbí níu ára gömul. Þótt lögnum væri ætlað að bæta aðhlyningu „fávita“ átti öll þjónusta að fara fram innan veggja stofnana og því var ekki um að ræða neina opinbera þjónustu við fatlað fólk og fjölskyldur þess í nærsamfélaginu eða á heimilum þess. Sérfræðingar og læknar þrýstu á foreldra að senda fötluð börn sín á stofnanir, ekki síst undir því yfirsíni að þar gætu börnin fengið menntun við hæfi. Seinni tíma rannsóknir hafa aftur á móti sýnt fram á að á slíkum stofnunum bjuggu börn og fullorðnir oft við harðræði og slæmt atlati og mikill skortur var á menntun og þroskandi umhverfi (Guðrún V. Stefánsdóttir, 2010; Scheerenberger, 1983). Áhrif áðurnefndra hugmyndastrauma á viðhorf í garð fatlaðs fólks felast meðal annars í að litið hefur verið á fólknið sem fórnarlömb; hættuleg, gölluð eða sjúk, kynlaus og eilíf börn sem eru öðrum háð (Rannveig Traustadóttir, 2006).

Árið 1907 voru í fyrsta sinn sett almenn fræðslulög á Íslandi (lög um fræðslu barna nr. 59/1907). Í lögnum var kveðið á um skólaskyldu barna frá tíu til fjórtán ára aldurs. Lagasetningin fól í sér málamiðlun á milli skólafræðslu og heimafræðslu og hvert byggðarlag átti að ákveða sjálft hvaða form væri á fræðslunni (Loftur Guttormsson, 2008). Heimilum var í raun áfram ætlað stórt hlutverk og börn áttu að koma nokkurn veginn læs og skrifandi í skólann. Þessi krafa um uppræðslu barna heima við var byggð á hinu aldagamla kerfi heimafræðslu þar sem sóknarpresturinn var eftirlitsaðilinn og prófdómariinn en foreldrar eða aðrir forráðamenn sinntu uppræðslunni. Næsta stóra skrefið var stigið árið 1936 en þá var innleidd skólaskylda frá sjö ára aldri (Loftur Guttormsson, 2008; Sigurður Gylfi Magnússon, 1997). Í kjölfar skólaskyldunnar var kveðið á um að öll börn þyrftu að ljúka fullnaðarprófi en þrátt fyrir að svo væri héldu prestar áfram að meta kunnáttu barna í lestri, skrift, reikningi og biblíufræðum fyrstu áratugi 20. aldarinnar. Þessu menntunarferli lauk með því að börnin voru fermd. Nokkur skilyrði voru sett fyrir fermingu og þau einna helst að barn hefði hlotið kristna skírni, numið það sem þurfti til og væri fullra fjórtán ára (Pétur Pétursson, 2017; Sigurður Gylfi Magnússon, 1997, 2010). Það er óhætt að segja að fermingin hafi á þessum tíma verið afar stór viðburður í lífi ungmenna og var litið á hana sem eins konar aðgang að fullorðinsárum. Frávik frá þessari leið varð augljóslega bæði börnum og fjölskyldum þeirra mikið áfall (Sólveig Ólafsdóttir, 2022). Þó svo að barnafræðslulögin í upphafi 20. aldar hafi létt þessari skyldu af prestunum að nokkru leyti stóðu þessar gömlu hefðir styrkum fótum á uppvaxtarárum Bíbíar.

Þess má geta að á Hofsósi var árið 1938 kennt í gömlu skólahúsi með einni kennslustofu og í kjallara á samkomuhúsinu á staðnum (Skólabyggingar í sveitum, 1938). Þrátt fyrir lögbundna skólaskyldu samkvæmt fræðslulögnum var einnig tekið fram í lögnum að börn gætu vegna „gáfnaskorts“ eða veikinda verið undanskilin skólagöngu. Ekki er ólíklegt að þetta ákvæði hafi haft áhrif á að Bíbí fékk ekki að ganga í skólann á Hofsósi.

Fötlunarfræði og einsaga mætast

Fötlunarfræði hefur á undanförunum áratugum þróast í að vera þverfagleg fræðigrein en frá upphafi 21. aldar hefur orðið til ný nálgun innan fræðasviðsins, þ.e. gagnrýnin fötlunarfræði (e. critical disability studies). Hún byggist eins og önnur fötlunarfræði á róttækum félagslegum skilningi á fötlun en eitt

aðaleinkenni gagnrýninnna fötlunarfræðirannsókna er auk þess að afhjúpa fötlunarmisrétti og tengsl þess við annars konar misrétti (Goodley, 2016). Gagnrýnin fötlunarfræði sækir því til gagnrýninnna fræða eins og hinsegin fræða og femínískra fræða og er litið svo á að hugtakið fötlun vísi til ákveðinnar félagslegrar undirokunar og kúgunar sem líkt er við kynþátta- og kynjamisrétti (Meekosha, 2006).

Einn greiningarþáttur í þessum gagnrýnu fræðum er svokölluð samtvinnum (e. intersectionality). Uppruna hennar má rekja aftur til skrifna bandaríska aðgerðasinnans og ljóðskáldsins Audre Lorde á áttunda áratug síðustu aldar. Hún skilgreindi hugtök eins og rasisma, sexismi, heterósexismi og hómófóbíu og líkti þeim við „blind“ trúarbrögð. Auk þess benti hún á að þessi „blindu“ trúarbrögð væru öll af sömu rót sem fælist í vanmættinum til að skilja og samþykkja mannlega fjölbreytni og tilhneigingunni til að skilgreina jaðra samfélagsins út frá norminu (Lorde, 2017). Hugtakið *samtvinnum* var þó fyrst sett fram nokkrum árum síðar af fræðikonunni og femínistanum Kimberlé Crenshaw (1989) en hún eins og Audre Lorde tengir sig við svartan femínisma.

Bandaríski femínistinn og aðgerðasinninn Patricia Hill Collins hefur auk þess til fjölda ára komið fram með frekari útfærslur á kenningum um samtvinnum. Hún fjallar ásamt Sirma Bilge (2016) ítarlega um nauðsyn þess að beita samtvinnuminni til rannsókna á samfélagskerfum fortíðarinnar til að draga fram þær valdaafstæður sem þá ríktu. Collins og Bilge benda á að greiningartæki samtvinnumar varpi ljósi á flókið og samþætt vald samfélaga yfir einstaklingum í gegnum skilgreiningar á breytum á borð við kynþátt, stétt, stöðu, kyngervi, þjóðerni og aldur svo fátt eitt sé talið, bæði á sögulegum og samfélagslegum grunni (Collins og Bilge, 2016). Sé breytunni fötlun bætt við verður til fimmta atriðid í „blindu“ trúarbrögðunum og það er ableismi (e. ableism). Hugtakið hefur stundum verið þýtt á íslensku sem hæfismi eða hæfishroki en þau orð hafa þó ekki náð fötfestu í íslenskri tungu og því er farin sú leið hér að nota enska hugtakið og bæta við það íslenskri endingu, þ.e. ableismi. Aðgerðasinnar og fræðifólk hér á landi hafa bent á að á meðan ekki hefur fundist góð íslensk þýðing á hugtakinu sé réttara að nota hugtakið á þennan hátt (Embla Guðrúnar Ágústsdóttir o.fl., 2020; Tabú, e.d.).

Ekki er langt síðan að farið var að nota greiningartæki samtvinnumar í fötlunarfræði (sjá t.d. Meekosha og Shuttleworth, 2009) og enn styttra er síðan sagnfræðin fór að tileinka sér þessar greiningaraðferðir (Sólveig Ólafsdóttir, 2022). Með því að greina þá samtvinnumu þætti sem valda margþættu misrétti er hægt að varpa ljósi á kúgun og undirokun sem viðkvæmir einstaklingar urðu fyrir og úrræðaleyfi samfélagsins gagnvart því ofbeldi sem algengt var að þeir yrðu fyrir.

Ableismi er hugtak sem bæði fræðimenn og aðgerðasinnar innan fötlunarhreyfinga hafa skilgreint og notað um nokkurt skeið til að greina og gagnrýna kerfisbundna mismunun fatlaðs fólks. Með „ableisma“ er gengið út frá þeirri hugmynd að „ófötlun“ sé eðlilegt ástand einstaklingsins, geri hann hæfan til þátttöku í samfélaginu og þar af leiðandi að fullgildri manneskju (Campbell, 2009; Kristín Björnsdóttir, 2014). Sem dæmi má nefna að ableískt skólakerfi er fyrst og fremst ætlað ófötludum nemendum eða þeim sem teljast „eðlilegir“ og skipulagt út frá þeirra þörfum. Því miður benda rannsóknir til að þrátt fyrir stefnuna um skóla án aðgreiningar sé enn langt í land með að íslenska skólakerfið sé skipulagt út frá þörfum allra barna (sjá t.d. Kristín Björnsdóttir og Eiríksína Eyja Ásgrímsdóttir, 2020).

Bandaríski orðræðufræðingurinn James L. Cherney (2011) telur ableisma mun flóknara fyrirbæri en systurhugtökun (rasismi, sexismi, heterósexismi, hómófóbía). Oft kemur hann fram í einhverju sem virðist við fyrstu sýn vera jákvæð viðbrögð gagnvart fötluðu fólki. Auk þess bendir Cherney á að ableisma sé ekki einungis að finna í aðgangshindrunum hvers konar eða útilokun heldur sé almenn orðræða í miklum mæli lituð af ableisma. Á meðan það sé almennt viðurkennt að mismunun byggð á kyni og kynþætti sé ólíðandi þá á ekki það sama við um þá mismunun sem byggð er á ableísku viðhorfi gagnvart fötlun og fötluðu fólki. Til þess að breyta þessu viðhorfi er mikilvægt að stíga frá hinu almenna gildismati, auk þess sem ófatlað fólk verður að horfast í augu við forréttindastöðu sína. Þá er einnig mikilvægt að koma auga á hvar hin eyðandi og hættulegu viðhorf er að finna og vinna gegn þeim (Cherney, 2011). Fræðimenn jafnt sem aðgerðasinnar hafa vakið athygli á hvað ableisminn liggur djúpt í orðræðunni og hann eigi sér rætur í læknisfræði og hugmyndinni um mannkynbætur. Sömu orð og notuð eru um skerðingar og fatlað fólk eru einnig notuð til að lýsa

vanmætti, niðurlægingu eða hvers konar brotalömunum í aðstæðum eða atvikum þar sem fötlun og fatlað fólk er ekki haft með í myndinni. Hér að framan má sjá gott dæmi um slíkt þar sem Audre Lorde líkir rasisma, sexisma, heterósexisma og hómófóbíu við „blind“ trúarbrögð og fellur í raun sjálf í gildru orðræðu sem felur í sér ableisma þar sem neikvæð hugrenningatengsl eru staðfest. Rétt eins og aðrir þættir hinna „blindu“ trúarbragða þá er ableisminn rótgróinn í öllum kerfum samfélags og menningar, þeir geta legið á yfirborðinu og fólk gerir sér grein fyrir því að tiltekin orðanotkun er meiðandi en sömuleiðis getur fólk fylgt meiðandi orðræðu án þess að gera sér grein fyrir því, sbr. dæmið hér að framan. Í greiningu á sögu Bíbíar er helst staldrað við þá þætti sem sérstaklega samvinnuðust í lífi hennar en það eru kyn hennar, stéttarstaða og fötlun.

Innan sagnfræðinnar hafa aðferðir einsögu verið í þróun frá áttunda áratug 20. aldar, en tóku verulegum breytingum undir lok aldarinnar og í byrjun þeirrar 21. Því má segja að einsögurannsóknir hafi notið vaxandi velgengni í fræðaheiminum í kjölfar póstmóðernismans og breyttra viðhorfa innan fræðanna. Svipað og rannsóknir fötlunarfræðinnar beinast einsögurannsóknir að fólk á jafri samfélagsins þó að einsagan snúist líka um ófatlað alþýðufólk. Sigurður Gylfi Magnússon (2005) bendir á að meginatriðið sé „að afhjúpa dulda merkingu orðræðu og athafna sem oft er ósýnileg í afmörkuðum kvíum ólíkra hópa og stétta“ (bls. 301). Einsögurannsóknir beinast því að einstaklingum, einstökum atburðum eða jafnvel vel skilgreindum samfélögum.

Þróun einsöguhugmyndafræðinnar undir lok 20. aldar gjörbreytti notkun sjálfsbókmennta. Menningarbyltingin (e. the cultural turn) og þróun hennar kallaði á beinan vitnisburð fólks af ólíkum stigum. Reynsla fólksins sjálfs af atburðum og fyrirbærum þótti eftirsóknarverð, sérstaklega ef frásagnir þess höfðu varðveist í heillegu formi. Þá gafst færi á að greina skilning þess á framvindu lífsins, virkni stofnana sem tengdust stöðu þess og tengsl fólksins við aðra einstaklinga í sínu nánasta umhverfi. Með því að rannsaka í þaula alla þræði slíkrar orðræðu gefst einsögufræðingum færi á að afbyggja atburðarásir og hugmyndir sem annars væru huldar í blekkingarvef hinnar opinberu orðræðu stórsagnanna sem stendur í ímynduðu sambandi við veruleika fortíðarinnar. Þetta er vegna þess að þeir sem stunda einsögurannsóknir leita alltaf leiða til að komast að rannsóknarefnum sínum úr annarri átt en hin opinbera orðræða býður upp á – að opna fyrir áheyrn þeirra fjölmörgu radda sem jafnan heyrast í hverju máli og vera viðbúinir því að takast á við mótsagnirnar sem finna má í textanum (Sigurður Gylfi Magnússon og Szijártó, 2013).

Líkt og gagnrýnin fötlunarfræði hefur einsagan þann kost að geta nálgast viðfangsefnið úr óvæntri átt og afhjúpað margþætt misrétti og fordóma í samfélaginu. Þannig fæst tækifæri til að greina með hvaða hætti ríkjandi hugmyndakerfi hefur átt þátt í að móta og viðhalda úreltum viðhorfum í garð þeirra sem eru á jafninum. Í þessu samhengi er tilgangurinn ekki síst að afhjúpa stórsögur (e. grand narrative) vísindanna. Eins og áður hefur komið fram þá höfðu hugmyndakerfi mannkynbóta og læknisfræði afgerandi áhrif á mótun samfélagslegra viðhorfa í garð fatlaðs fólks og um leið aðbúnað þess stóran hluta líftíma Bíbíar (Guðrún V. Stefánsdóttir, 2008). Í fötlunarfræði er tilgangurinn að skoða með hvaða hætti félags- og menningarbundin valdamismunun verður til og í einsögurannsóknum er bent á að sá einstaklingur sem ekki fellur inn í norm samfélagsins sé oftast metinn út frá forsendum þess sem valdið hefur. Bæði fræðasviðin leggja þannig áherslu á hið persónulega sjónarhorn og að raddir jaðarhópa heyrast.

Saga Bíbíar er fullmótuð sjálfsævisaga þar sem aðalpersónan er jafnframt höfundur verksins. Í slíkum bókmenntum fær gerandinn að stíga fram og segja sína sögu, oftast án nokkurra hindrana. Fötlunarfræðingar líta svo á að það sé afar mikilvægt að fatlað fólk láti rödd sína heyrast, taki sér pláss og andæfi valdi hins ófatlaða meirihluta (Guðrún V. Stefánsdóttir, 2008). Þrátt fyrir að Bíbí sé ekki lengur meðal okkar færir sjálfsævisaga hennar okkur rödd sem sjaldan heyrast í samfélaginu; daglegt líf fatlaðrar konu stendur okkur skýrt fyrir hugskotssjónum og andæfir neikvæðum viðhorfum í hennar garð.

Rannsóknargögn

Rannsóknarverkefnið *Bíbí í Berlín: Fötlunarfræði og einsaga*. Ný akademísk nálgun er umfangsmikið. Auk sjálfsævisögu Bíbíar notum við ýmsar samtímaheimildir sem finnast um hana; opinberar,

munlegar og persónulegar. Þau gögn sem eru notuð í þessum hluta rannsóknarinnar eru tvíþætt: Annars vegar er um að ræða sjálfsævisögu Bíbíar og hins vegar opinber gögn þar sem Bíbí kemur við sögu. Í heildarrannsókninni er auk þess lögð áhersla á að ná tali af sem flestum sem þekktu Bíbí og heyra þeirra upplifun af henni. Fáir eru þó til frásagnar um fyrstu ár Bíbíar en víst er að saga hennar lifir í huga margra sem til þekktu. Við munum síðar leitast við greina þessar munnlegu heimildir og nota þær til að skoða hvernig hugmyndin um fatlaða konu breyttist þegar leið á 20. öldina. Ýmsar aðrar heimildir verða nýttar í rannsókninni sem ekki verða gerðar að umtalsefni í greininni. Bíbí átti til dæmis álitlegt dúkkusafn sem hefur varðveist og þá byggði hún upp fallegan skruðgarð í jaðri Blönduóss þar sem hún dvaldi síðari hluta ævi sinnar. Þetta, ásamt ýmsu öðru, verður skoðað í rannsókn okkar en efnismenningarheimurinn er vissulega áhugavert rannsóknarefni í samhengi við daglegt líf fatlaðrar konu.

Sjálfsævisagan

Sjálfsævisaga Bíbíar er umfangsmikil og telur alls 1200 blaðsíður – eða 145.000 orð (meðalbók er rétt um 90 þúsund orð). Bíbí skrifaði hana ýmist með kúlupenna eða blýanti í prentstöfum í nítján stílabækur. Frumrit af sjálfsævisögu hennar er nú varðveitt í Handritasafni Landsbókasafns Íslands. Við fullyrðum að handritið sem Bíbí skildi eftir sé einstakt. Áferð textans er afar óvenjuleg. Hún fór til dæmis oft ofan í hvern staf sem hún ritaði, rétt eins og Bíbí vildi tryggja að frásögn hennar hyrfi ekki í gleyskunnar dá. Hinn efnislegi og áþreifanlegi veruleiki handritsins er heillandi: Verkið hefur nokkurs konar þrívíða ásjónu sem gefur því afar sérstakan blæ. Það er þó textinn sjálfur sem vekur mesta athygli enda færir Bíbí í stílinn. Hún undirbyggir stundum og gefur í skyn hvað sé vændum, notar myndlíkingar í ríkum mæli sem gerir textann afar sérstæðan og áhugaverðan. Í greininni er sjónum sérstaklega beint að barnæsku Bíbíar eða frá fæðingu til fermingar, en þann hluta ævinnar fjallar Bíbí að mestu um í fyrstu þremur köflum sjálfsævisögunnar.

Opinber gögn

Mikilvægustu opinberu heimildirnar koma frá sóknarprestinum í Hofssókn, bæði prestsþjónustubækur og sóknarmannatöl. Einnig er hægt að lesa töluvert um samfélagsgerðina í manntölum sem tekin voru á tíu ára fresti á þessu tímabili (Sólveig Ólafsdóttir, 2022). Með því að tengja saman nálganir og aðferðir fræðasviðanna tveggja; gagnrýninnar fötlunarfræði og einsögunnar, er leitast við að gefa trúverðuga mynd af ýmsum hliðum í lífi Bíbíar. Þrátt fyrir að tilgangurinn sé ekki að alhæfa eða yfirfæra reynslu hennar á fatlað fólk almennt, þá er sjálfsævisaga hennar einstök heimild um líf og aðstæður fatlaðrar manneskju í íslensku samfélagi. Auk þess eru samtímaheimildirnar til þess fallnar að gefa mynd af aðstæðum og aðbúnaði fatlaðs fólks og ríkjandi viðhorfum í garð þessa samfélagshóps.

Félagslegar aðstæður og fólkið í lífi Bíbíar

Bíbí hlaut nafnið Bjargey Kristjánsdóttir við skírn 2. janúar 1928. Foreldrar hennar voru fátækir kotbændur, þau Kristján Júlíus Guðmundsson (1898–1975) daglaunamaður við landbúnað og sjávarútveg og Guðrún Mundína Steinþórsdóttir (1902–1958) sem vann við húsmóðurstörf og landbúnað (ÞÍ. Fell í Sléttuhlíð - prestakall 0000 BA/6-1-1. Prestsþjónustubók 1918–1960). Bíbí var fyrsta barn foreldra sinna en hún bjó ásamt þeim á Hofsósi fyrstu tvö árin í lífi sínu. Hún eignaðist síðar bróður, Þorstein, sem ávallt var kallaður Steini. Hann fæddist 26. ágúst árið 1936 en þá var Bíbí níu ára gömul. Árið 1929 flutti fjölskyldan í kotbæinn Berlín, rétt fyrir utan Hofsós, þar sem Bjargey, eða Bíbí, ólst upp og bjó fram á fullorðinsár. Í manntalinu 1940 kemur fram að húsið Berlín sé torfbær á einni hæð, um það bil 30 ára gömul bygging og án miðstöðvarhitunar, rafmagns, vatnsveitu, vatnssalernis eða baðklefa (ÞÍ. Manntalið 1940 - Hagstofa Íslands 1955 A/32-1-1). Skagafjarðarsýsla). Húsið var líklega innan við fimmtán fermetrar að grunnfleti en Bíbí lýsir því að í húsinu hafi verið bæði kjallari og ris. Bærinn var einhvers konar blanda af timburhúsi og torfbæ, eins og var harla algengt á þessum tíma. Bíbí lýsir því að aðstæður hafi verið afar frumstæðar og lítið einkarými enda voru þau fjögur sem bjuggu í kotbænum. Bíbí hafði skiljanlega aldrei sérherbergi á meðan hún bjó í

Berlín og oft koma fram lýsingar á núturlegum aðstæðum hennar og skorti á persónulegu rými. Bíbí var ávallt kennd við bæinn Berlín án þess þó að henni hafi líkað það sérlega vel.

Bíbí bar blendnar tilfinningar til foreldra sinna, sérstaklega föður síns. Hún lýsir því að faðir hennar hafi skammast sín fyrir hana og að hún hafi verið falin og henni skipað í „skotið“ þegar hann var heima en annars ekki: „Oft var það sem karl faðir minn rauk upp tilefnislaust, kom mér til að skæla, skipaði mér að þegja og rak mig í ofnskotið enda varð ég eins og hræddur fugl.“ Sambandið við móðurina var betra og jafnvel á köflum innilegt.

Bíbí lýsir bæði jákvæðum og neikvæðum hliðum á samskiptum sínum við fólkið í sveitinni og önnur börn af næstu bæjum. Einhverjir tóku henni sem jafningja og komu vel fram við hana en fleiri stríddu henni, hunsuðu og gerðu lítið úr hæfileikum hennar. Bíbí orðar þessa áreitni á sinn sérstæða hátt þegar hún segir: „Bernskuárin voru ekki skemmtileg, síður en svo, þar kemur til sérvíska fólksins, það er líka óþarfi hjá fólki að láta sem það sjái ekki, þó börn þess taki fyrir fatlaða mannveru og geri gys að henni. Það er ljótur hugsanamáti.“ Bíbí notar orðalagið „sérvíska fólksins“ oft í sjálfsævisögu sinni þegar hún lýsir neikvæðum viðhorfum sveitunga sinna, eða þegar hún varð fyrir ýmiss konar aðkasti og útskúfun þá kenndi hún „sérvísku fólksins“ um.

Þó að „sérvíska fólksins“ hafi litað bernsku- og æskuár Bíbíar átti sveitalífið vel við hana. Henni þótti vænt um sveitina sína og hún var mikill náttúruunnandi og dýravinur. Hún lýsir því að dýrin hafi verið hennar bestu vinir og sálufélagar. Þá koma í sögu Bíbíar fyrir nákvæmar náttúrulýsingar og hún hreifst snemma af alls kyns gróðri, jurtum og blómum.

Bíbí lýsir víða í sjálfsævisögu sinni að mikil fátækt hafi verið á uppvaxtarárum hennar. Sem dæmi nefnir hún að fataskortur hafi komið í veg fyrir að hún gæti verið úti við og að oft hafi henni verið kalt vegna þess að hún átti ekki hlý fót til að vera í: „Úti vildi ég vera þegar veður var gott, en ekki ef stormur var, það gerði það að ég átti enga utanyfir flík, nema peysupinkur einhverjar. Ég átti að vísu kápu, en hún var að sjálfsögðu spariflík.“ Bíbí talar hvergi um að skortur hafi verið á mat eða að hún hafi verið svöng. Matur var Bíbí þó hugleikinn og í sögu hennar koma fram margar áhugaverðar lýsingar á matarvenjum á uppvaxtarárum hennar.

Steini bróðir

Tilfinningar Bíbíar í garð Steina voru blendnar en þó kemur víða fram væntumþykja hennar og velvilji í hans garð. Bíbí lýsir Steina á eftirfarandi hátt: „Steini karlinn var oft óþekkur, sem var mjög hvítleitt, annars gat hann verið góður og almennilegur stundum.“ Bíbí lýsir Steina sem uppátækjasömum og skemmtilegum hrakfallabálki en líka að hann hafi verið henni erfiður, óhlýðinn og hrekkjóttur. „Strákurinn sem ekki vildi læra að lesa, þetta hefði verið ágætis fyrirsögn á ævintýri eða nafn á sögu, – saga er það og hún er sönn.“ Með þessum hætti lýsti Bíbí því þegar Steini átti að læra að lesa sem gekk nokkuð brösuglega framan af. Það tókst þó að lokum og virðist Steini hafa verið góðum gáfum gæddur og gengið vel í barnaskóla. Bíbí hafði metnað fyrir hönd Steina og segir meðal annars um hann:

Já það var leiðinlegt, að Steini skyldi ekki læra neitt, hann var efni í uppfíningamann, hann gerði við ýmislegt, sem ég er viss um að aðrir hefðu gengið frá og sagt að ekki væri hægt að laga. Um snilli hans og uppfíningasemi, get ég sagt að hann bjó til vélsög upp úr gamalli bátavél og einhverju öðru dóti, það þarf hugvit til þess arna.

Í sjálfsævisögu Bíbíar kemur fram að foreldrar þeirra hafi tekið Steina fram yfir hana frá fyrstu stundu og segir hún margar sögur af því. Bíbí kallar drenginn ýmsum nöfnum eins og prinsinn, gersemið og drengstaulann sem gefa til kynna tilfinningar hennar í garð Steina:

Það var nú meira hvernig látið var með þennan stráka, er frá leið átti ég að passa gersemið, sem stóð stutt yfir, sérstaklega átti ég að halda við snuðið hjá strák, en ég gafst upp á því. Ég þreyttist aftan í lærunum á að standa eins og þvara í sömu sporum. Ekki fór betur er ég átti að sitja með strákinn á gólfinu, gerði það tvisvar sinnum og gafst upp, þá sló hún mig utanundir, það ætti engin móðir að gera og síst af öllu við fatlað barn sitt. En ég ætla að segja það hér og nú að ég hefði heldur viljað passa hundrað hænuunga en strákinn.

Eins og fram hefur komið var skömm foreldra Bíbíar vegna hennar mikil og því hefur vafalaust verið mikill léttir fyrir þau að Steini virtist nokkuð „eðlilegur“. Í skrifum Bíbíar má greina að hún skynjaði sterkt tilfinningar foreldra þeirra í garð Steina og upplifði mikla höfnun og vanmátt gagnvart þessum aðstæðum. Dæmið hér á eftir sýnir glögggt með hvaða hætti gert var upp á milli systkinanna en í því lýsir Bíbí að eftir að gesti hafi borið að garði í Berlín hafi hún verið rekin í skotið á meðan Steina var hampað:

Það var þá, sem ég var á bak við gaflinn á rúminu mínu, hjá kolafötunni, meðan pabbi karlinn, hampaði stráknum framan í gestina. Þessu mætti líkja við það, að ég ætti tvær brúður, aðra gamla og ljóta, en hin fallega og nýkomna úr búðinni, ég hefði falið ljótu brúðuna, en hampað þeirri fallegu.

Og eins og oft komst Bíbí að kjarnanum þegar hún skrifaði: „Þau hömpuðu honum í bak og fyrir, svo mikið er víst. Hann var strákur en ég var fötluð stúlka.“

Í lýsingum Bíbíar koma fram mikil sárindi og sú tilfinning er sterk að hún hafi verið sett til hliðar. Bíbí öfundaði Steina þó ekki eingöngu vegna athyglinnar sem hann hlaut umfram hana, heldur af því að hann fékk að vera í útivinnu með föður þeirra. Foreldrar Bíbíar vildu að hún aðstoðaði móður sína við heimilisstörfin innan húss. Bíbí var aftur á móti mikið náttúrubarn og vildi frekar vinna með föður sínum úti við. Bíbí og faðir hennar tókust stöðugt á um þetta sem endaði oft með því að hann lokaði hana inni og hýddi hana. Bíbí lýsir þessu á eftirfarandi hátt: „Oft var ég slegin með vendinum, þegar ég mótmælti að þvo upp eða hjálpa mömmu.“ Á þeim tíma sem Bíbí var að alast upp var hlutverk og staða kvenna fyrst og fremst innan veggja heimilisins þrátt fyrir að í sveitum hafi konur líka gengið í útistörf. Bíbí féll ekki inn í þetta hefðbundna kynhlutverk en eins og sjá má hér að framan hafði Bíbí næman skilning á stöðu sinni sem kona og fötluð manneskja.

Æskuvinkonurnar Bíbí og Alda

Bíbí átti nána æskuvinkonu, Öldu, en vinátta þeirra entist meðan báðar lifðu og skipti Bíbí afar miklu máli. Bíbí tileinkar Öldu sjálfsævisögu sína og segir:

Tilefni þess að ég fór að skrifa þessa bók, var að ég fór að tala um æfi mína við vinkonu mína, sem féll frá í vetur, einu sinni þegar ég kom í heimsókn til hennar, tók hún vel undir hugmynd mína um að skrifa hana og hvatti hún mig til þess, er þessi bók því tileinkuð henni, Öldu Kristínu Jóhannsdóttur.

Alda var fjórum árum yngri en Bíbí, fæddist 18. mars árið 1931 en lést árið 1989. Foreldrar hennar voru Jóhann Eiríksson sjálfseignarbóndi og útgerðarmaður á Þönglaskála og kona hans Sigurlaug Einarsdóttir. Þönglaskáli var eitt fyrsta steinhúsið í Hofshrepp (Þí. Manntalið 1940 - Hagstofa Íslands 1955 A/32-1-1. Skagafjarðarsýsla). Fjölskyldur þeirra vinkvenna voru af sitt hvorum enda samfélagsins. Alda var fædd og alin upp í rúmu húsnæði sem var í eigu fjölskyldu hennar, en faðirinn gerði út eigin bát og var með menn í vinnu. Bíbí bjó aftur á móti í kotinu Berlín, eins og áður kom fram, og foreldrar hennar voru fátækir bændur.

Stutt var á milli Berlínar og Þönglaskála og þrátt fyrir ólíka samfélagslega stöðu fjölskyldnanna virðist hafa verið töluverður samgangur á milli fólksins. Hér á eftir lýsir Bíbí vináttu þeirra Öldu:

Við höfum báðar verið skaplíkar, báðar hæglátar, telpan og ég. Ég kynntist Öldu, og ég sé ekki eftir þeim kynnum. Mér líkaði vel við hana, við rifumst aldrei þau ár sem við vorum saman, við undum í friði við okkar leiki. Ég kenndi í brjósti um telpuna og fannst hún eiga bágt. Öldu hefur sjálfsagt fundist ég eiga bágt líka, einkanlega fyrir sérviskuna í fólkinu. Alda kom oft á heimili mitt, þegar hún fékk leyfi til þess, heima hjá sér. Ég vona bara að enginn hlæi að því þó að ég segi það opinberlega hérna í bókinni, að ég elskaði Öldu eins og systur, hefði ég átt hana. Við lékum okkur með brúðuna mína og fleira dót. Okkur datt ekki í hug að vera með ráðríki hvor við aðra, það kom ekki til mála, eða við værum að niða einhvern niður, við uppnefndum einga, eða lugum uppá neinn. Við töluðum um það sem okkur kom við. Ég man það að ef ég vissi að Alda væri niður á Naustum, þá beiddi ég í mikilli eftirvæntingu eftir, hvort hún mundi koma í heimsókn til mín. Ég gladdist mikið, þegar ég

sá ljósan koll birtast upp af brekkubrúninni, hjá Naustabænum, næst birtist kannski rauð kápa, svo kom öll telpan í ljós. Ég beið í ofvæni, þar til hún var komin inn fyrir hliðið, sem var á milli túnanna, oft beið ég skammt frá því, þar til hún var komin til mín. Þetta var hún Alda mín, fötluð frá fæðingu, en ótrúlega frá á fæti miðað við ástæður og kjarkmikil, og það hefur haldið henni við, ef svo mætti segja.

Þessi hugnæma lýsing úr sjálfsævisögu Bíbíar lýsir væntumþykju hennar í garð Öldu og hversu mikilvæg vinátta þeirra var henni en þær voru að Bíbíar sögn sálufélagar. Eins og fram kemur í frásögninni var Alda hölt frá fæðingu og með snúinn fót. Það hefur ef til vill aukið samkennd og skilning þeirra á milli. Bíbí lýsir ekki nánar í hverju fötlun Öldu fólst og þess er hvergi getið í opinberum gögnum að Alda hafi verið á neinn hátt öðruvísi en önnur börn. Hún gekk til dæmis í barnaskólann á Hofsósi á meðan Bíbí fékk ekki að ganga í skóla og fermdist með jafnöldrum sínum á meðan Bíbí fermdist ein. Þótt fjögurra ára aldursmunur sé á Bíbí og Öldu er ekkert sem bendir til að viðhorf hafi breyst mikið á þeim tíma.

Vel má vera að einhver áhrif hafi haft að mikill munur var á félagslegri stöðu foreldra þeirra. Túlka má orð Bíbíar í þá veru þótt ekki sé hægt að fullyrða neitt í þeim efnum. Bíbí lætur þó eftirfarandi orð falla: „Það hefur áreiðanlega ekki verið siður á Þaunglaskála að reka Öldu út þegar gestir komu þar.“ Bíbí lætur í veðri vaka að fjölskylda hennar hafi ekki verið hrifin af vináttu hennar og Öldu og kennir hún Steina og foreldrum sínum um að upp úr vináttu þeirra slitnaði á æskuárunum. Hún segir meðal annars frá því að þau hafi gert lítið úr Öldu og vináttu þeirra alla tíð: „Ég segi það alveg satt, að mér var ekki verr gert heldur en þegar verið var að taka þessa vinkonu mína fyrir og gera lítið úr henni.“

Frásagnir af Öldu eru eins og rauður þráður í gegnum sjálfsævisögu Bíbíar. Ekki er ólíklegt að í samskiptum þeirra Öldu hafi Bíbí getað verið hún sjálf; að hún hafi komist út úr því hlutverki sem hún var oft sett í sem fatlað barn – utanveltu og annars flokks.

Áhrif lækna og presta í lífi Bíbíar

Á þeim tíma sem Bíbí var að alast upp voru læknar og prestar valdamiklar stéttir í samfélaginu. Þessar tvær stéttir höfðu mikil áhrif í lífi Bíbíar og hér á eftir verður fjallað um með hvaða hætti Bíbí upplifði afskipti og áhrif lækna og presta á barnæsku sína. Bíbí var ekki hrifin af lækna stéttinni framan af ævinni en hún lýsir því á eftirfarandi hátt: „Lengi framan af var ég sjálf hrædd við vissa stétt þjóðfélagsins, en það voru lækarnir, ég vildi ekki sjá þá, sem voru nú engin undur.“ Nokkrir afgerandi atburðir í lífi Bíbíar urðu þess valdandi að lækna stéttin var ekki í sérstöku uppáhaldi hjá henni.

Bíbí segir frá því að hún hafi verið efnilegt barn og níu mánaða gömul hafi hún verið farin að ganga „með stokkum“ eins og hún orðaði það. Sumarið 1928 þegar Bíbí var tæplega árgömul bjó hún ásamt foreldrum sínum á Hofsósi. Til þess að sjá fjölskyldunni farborða fór faðir hennar í vinnu til Siglufjarðar en móður hennar réði sig í kaupavinnu á nálægan sveitabæ og hafði Bíbí með sér. Í vistinni var slæmur aðbúnaður og mikil vosbúð. Í kjölfarið veiktist Bíbí illa. Hún lýsir afleiðingum veikindanna á eftirfarandi hátt:

Eftir þetta veiktist ég, var farið með mig til Siglufjarðar og höfð þar í rannsókn og ljósum. Ég varð svo veik að fólk hélt að ég mundi deyja, en það sem hjúunum er hvað leiðast, það er lífseigast. Þannig var með mig, það hefði verið betra að ég hefði hrokkið upp af þá, heldur en að verða vogrek þessarar veraldar, ef maður á að orða það þannig. Þar kemur sérviska fólksins til.

Í lýsingu Bíbíar endurspeglast sorg hennar yfir að vera jafnarsett og útskúfuð allt sitt líf. Upplifun hennar er það sterk að hún lýsir því að það hefði jafnvel verið betra að fá að deyja en að lifa við þær aðstæður sem henni voru skapaðar.

Haustið 1937 ber ýmislegt til tíðinda í samskiptum Bíbíar við lækna stéttina en það ár fór móðir hennar með hana í læknaheimsókn á Sauðárkrók. Bíbí lýsir heimsókninni á eftirfarandi hátt:

Hvað klukkan var þennan dag, er við náðum læknis fundi man ég ekki, líklega um þrjú leytið. Ekki leist mér á gripinn, en ég bið fólk sem kannski les þetta, að fyrirgefa mér orðalagið. Undireins og við komum inn þarna og ég sá hann, trylltist ég og gaf bara frat í hann. Líklega hefur þetta gerst, þegar átti að fara að klæða mig úr, en hvað um það, karl athugaði mig frá toppi, en ekki alveg til táar. Að því búnu kvað karlaulinn upp sinn úrskurð. Ég átti að vera aumingi á báða vegu, það er að segja til líkama og sálar, en því laug hann. Hann sagði raunar hvað væri að mér, fjandans karlinn. Ekki veit ég betur en að móðir mín segði karlinum, að ég væri læs, þegar hann spurði að því. Svo laug hann því líka að ég mætti ekki borða kjöt, en í staðinn ýmislegt sem ég hafði aldrei borðað áður, eins og söl og skarvakál. Hann þóttist geta sett í mig, það sem vantaði en ekki mega taka það úr neinum án leyfis, rafturinn sá. Um nóttina fórum við heim, en vorum varla komnar heim og gestir farnir að spyrja móður mína um árangur ferðarinnar. Hún sagði þeim hvað karlinn hafði sagt og alla lygaþvælna úr honum. Ég var stólpa reið yfir þessu. Það sem ég vildi segja er þetta: Segið aldrei gestum frá, hvað gangi að barninu ykkar, eftir að hafa farið með það til læknis og síst ef það er eitthvað sérstakt.

Það vekur athygli hversu nákvæm lýsing Bibíar er á löngu liðnum atburði en hún skrifar þessa lýsingu mörgum áratugum eftir að hann átti sér stað. Sigurður Gylfi Magnússon (2005) bendir á að minni fólks sé nátengt tilfinningalegum tímamótaatburðum sem verða í lífinu, bæði góðum og slæmum. Ekki er ólíklegt að sá atburður sem Bibí lýsir hér hafi markað djúp spor í huga hennar. Þarna virðist hafa verið staðfest að hún yrði stimulud sem öðruvísi og annars flokks manneskja. Skrif Bibíar hér að framan lýsa sárum tilfinningum og reiði. Auk þess undirstrikar upplifun hennar áhrif fötlunarstimplunar sem var afar neikvæð í huga Bibíar og samtímafólks hennar og ávísun á útilokun og fötlunarförðoma. Þetta endurspeglast ekki síst í sárindum Bibíar út í móður sína fyrir að segja frá þessum neikvæða atburði.

Í skýrslu héraðslæknisins á Sauðárkróki til landlæknis fyrir árið 1937 eru helstu sjúkdómar sem komu á hans borð listaðir upp undir latneskum heitum þeirra, einn þeirra var „Poliomyelit“ eða taugaveiki. Læknirinn greindi einn sjúkling á þennan hátt og ætla að má að það hafi verið Bibí (ÞÍ. Skjalasafn landlæknis. Skýrslur héraðslækna fyrir árið 1937). Þegar sóknarpresturinn húsvitjaði í Berlín árið 1936 eða ári fyrir læknisheimsóknina á Sauðárkrók skrifaði presturinn í athugasemdadálkinn í sóknarmannatalinu að Bibí sé með „beinkröm“ (ÞÍ. Skjalasafn landlæknis. Skýrslur héraðslækna fyrir árið 1937). Bibí lýsir þessum tilraunum lækna og prestsins til að greina hvað væri að henni á eftirfarandi hátt:

Móðir mín var búin að fara með mig á milli þeirra, en í frómt frá sagt, man ég ekki eftir neinum þeirra. Eitt var, þeir sögðu sína vitleysuna hver um sig, einn sagði að ég væri með beinkröm, það var vitleysa. Annar sagði að ég væri með bólgna eitla, bak við magann, það var líka vitleysa. Krakkar sem eru með þetta stækka á eðlilegan hátt, alveg eins fyrir því, veit ég nú vel.

Líklega hafði Bibí haft rétt fyrir sér í þessu en síðar á ævinni var hún greind með skjaldkirtilssjúkdóm (e. hypothyroidism) sem ekki er ólíklegt að hafi hrjáð hana frá fyrsta ári. Sjúkdómurinn getur valdið margs konar einkennum; allt frá þreytu og hægðatregðu upp í vaxtar- og greindarskerðingu. Til að koma í veg fyrir þetta ástand hafa allir nýburar á Íslandi, eins og í flestum þróuðum ríkjum, verið skimaðir fyrir þessum sjúkdómi og hefur tekist að útrýma honum að mestu (sjá t.d. Salisbury, 2003). Þau einkenni sem hér hafa verið nefnd koma oft fram í sjálfsævisögu Bibíar þegar hún lýsir sjálfri sér og „krankleika“ sínum, eins og hún kemst að orði. Bibí var smávaxin og kvartaði oft yfir þreytu og slappleika.

Bibí rekur ekki ástæðuna fyrir því að Guðrún móðir hennar fór með hana á Sauðárkrók til fundar við héraðslækninn þar. Ef til vill var ástæðan fyrst og fremst sú að móðir Bibíar vildi fá álit fleiri lækna á stöðu hennar og líkamlegu ástandi. Athygli vekur að árið 1937, þegar læknisheimsóknin á Sauðárkrók átti sér stað, var starfandi héraðslæknir á Hofsósi. Þrátt fyrir að ekki sé hægt að fullyrða neitt um ástæður móður Bibíar fyrir að leita út fyrir bæinn er ekki ólíklegt að nándin á Hofsósi hafi verið mikil og að skömmin yfir að eiga fatlað barn hafi einnig leikið stórt hlutverk.

Heimalærdómur og fermingin

Ekki er hægt að segja með vissu hvers vegna Bíbí fékk ekki tækifæri til að ganga í skóla með jafnöldrum sínum en líklegt er að áður nefnd undanþága í lögum hafi haft þar áhrif. Auk þess kann að vera að stéttarstaða Bíbíar hafi haft sitt að segja, eins og mismunandi félagslegar aðstæður Bíbíar og Öldu vinkonu hennar gefa til kynna. Bíbí lýsir tilfinningum sínum á eftirfarandi hátt:

Mikið hefur mér leiðst undir niðri, að mega ekki vera með jafnöldrum mínum í skólanum, eins og aðrir. Hvað um það. Hvað ætli það sé sem sérviskan er ekki látin spilla, það er líklega fátt. Í þá daga, þegar ég var 10 ára voru allir á þeim aldri skólaskyldir og byrjuðu þá í barnaskóla, en ekki fékk ég að fara í skólann, heldur var stúlka fengin til að kenna mér eftir að pabbi hafði reynt það.

Þessi tilvísun er enn einn vitnisburður um „sérvisku fólksins“ og þau neikvæðu viðhorf sem voru ríkjandi í samfélaginu á þessum tíma og hversu sárt það var fyrir Bíbí að vera útilokud og fá ekki sömu tækifæri og jafnaldrar sínir. Faðir Bíbíar lagði þó mikla áherslu á að hún fengi kennslu heima. Ýmsir sáu um þá kennslu, meðal annarra hann sjálfur, föðuramma hennar og eins voru stúlkur af öðrum bæjum fengnar til að kenna Bíbí eins og hún lýsir hér að framan. Það gekk þó á ýmsu að Bíbíar sögn og hún lýsir til dæmis átökum við föður sinn á eftirfarandi hátt:

Pabbi karl missti stundum þolinmæðina við lestrarkennsluna og sneypiti mig. Einu sinni barði hann mig utan undir með stafrófskverinu. Þetta á enginn maður að gera og síst við vanmegnað, fatlað barn. Amma hafði meiri þolinmæði en pabbi, við að kenna mér. Seinna var fengin stúlka til að kenna mér. Stúlkun hét Guðríður, hún lét mig lesa í Rökkursögunum, sem Jana frænka hafði sent mér. Þegar þetta var hef ég líklega verið orðin læs. Ég gekk ekki í neinn barnaskóla, en fór í vorpróf og svaraði spurningum.

Í kirkjubókum kemur fram að þegar sóknarpresturinn húsvitjaði í Berlín árið 1936, þá er Bíbí nú ára og var farin að „kveða að“ eða réttara sagt búin að læra stafina og farin að geta lesið einföld orð (ÞÍ. Fell í Sléttuhlíð - prestakall 0000 BA/6-1-1. Prestsþjónustubók 1918–1960). Bíbí lýsir einni húsvitjun á eftirfarandi hátt: „Sá sem húsvitjaði hjá okkur, eða í okkar sókn hét Guðbrandur og var Björnsson frá Viðvík í Viðvíkursveit. Guðbrandur lét mig lesa eitthvað og gott ef ég þurfti ekki að fara með vers fyrir hann líka, hann var svo sem almennilegur karl tetrið, ef maður á að segja eins og er.“

Tveimur árum síðar var annar prestur tekinn við sókninni og hann gaf Bíbí eftirfarandi einkunnir: „Kristindómur: v, lestur v+, skrift v-, reikningur v. Hér þýðir v – „vel“, sem er verri einkunn en „ágætlega“ en betri einkunn en „laklega“. Viðbótarathugasemd fylgir færslunni um Bíbí og þar stendur „vanþroska“ (ÞÍ. Fell í Sléttuhlíð - prestakall 0000 BA/6-1-1. Prestsþjónustubók 1918–1960). Ef til vill er þessi athugasemd komin frá foreldrum Bíbíar því ári áður eða 1937 fór Guðrún móðir Bíbíar með hana í hina afdrifaríku læknisheimsókn á Sauðárkrók.

Hinn 8. júlí árið 1941 var Bíbí fermd í Hofskirkju, sem var í næsta nágrenni og í prestsþjónustubókina skrifaði presturinn að hún „bæði kunni og hegði sér „Ágætlega““ (ÞÍ. Fell í Sléttuhlíð - prestakall 0000 BA/6-1-1. Prestsþjónustubók 1918–1960). Það sem mesta athygli vekur er að Bíbí var fermd ein og voru jafnaldrar hennar, alls átta drengir og þrjár stúlkur, fermdir saman að minnsta kosti mánuði fyrr (ÞÍ. Fell í Sléttuhlíð - prestakall 0000 BA/6-1-1. Prestsþjónustubók 1918–1960).

Í sjálfsævisögu Bíbíar kemur fram að ekki virðist neinn vafi hafa leikið á að hún ætti að fermast og þrátt fyrir að hún hafi ekki gengið í skóla með jafnöldrum sínum hóf hún fermingarundirbúninginn með þeim á þrettánda ári. Bíbí var bæði læs og skrifandi á þessum tíma og því hefði ekki átt að vera nein fyrirstaða samkvæmt þeim kröfum sem gerðar voru til fermingarbarna. Svo virðist að alveg fram á fermingardaginn hafi Bíbí og fjölskylda hennar staðið í þeirri trú að hún ætti að fermast með jafnöldrum sínum. Það urðu því mikil vonbrigði fyrir Bíbí þegar svo varð ekki. Bíbí lýsir því í sögu sinni að móðir hennar hafi farið til Siglufjarðar til kaupa fatnað fyrir ferminguna og lýsir hún deginum sem jafnaldrar hennar fermdust á eftirfarandi hátt:

Já, ef það hefði nú getað orðið þannig. Á hvítasunnudagsmorgni vildi ég auðvitað fylgjast að með jafnöldrum mínum. Móðir mín fór að klæða mig í finu buxurnar og sokkabandsbeltið. Þá þurfti pápi karlinn endilega að fara inn í stað fyrir hádegi, en þegar hann kom aftur, sagðist hann hafa farið á fund tveggja heiðursmanna, voru það þeir séra Guðbrandur og Bragi héraðslæknir. Sagðist hann hafa spurt báða, hvort þeir teldu mig þola að mæta með jafnöldrum mínum til vissrar athafnar, átti presturinn að hafa sagt já, en læknirinn nei og reið það baggamuninn. Þetta voru fréttirnar sem karl kom með. Í þá daga datt mér ekki í hug að tortryggja neinn. Mér fannst leiðinlegt að verða af kirkjuferðinni og missa af því að vera með jafnöldrum mínum og skældi. Allt var tilbúið, Sigurlaug á Þönglaskála hafði snyrt á mér hárið og Anna Páls hafði sett liði í það.

Það er auðvelt að gera sér í hugarlund sorg, vanmátt og vonbrigði unglingsstúlkunnar Bíbíar við þessar aðstæður. Það kemur líka fram að þegar hún var síðan fermd ein nokkrum vikum síðar þótti henni lítið til athafnarinnar koma og eflaust hefur aðdragandinn sem hér hefur verið rakinn leikið þar stórt hlutverk.

Greina má í sjálfsævisögu Bíbíar að í fyrstu taldi hún að ástæðan fyrir því að henni var meinað að fermast með jafnöldrum sínum hefðu verið kvefpest og veikindi sem hrjáðu hana nokkrum dögum fyrir ferminguna. Hún var þó orðin hress þegar fermingin átti að fara fram. Síðar áttaði Bíbí sig á að raunveruleikinn var annar og ástæðuna taldi hún enn einu sinni vera „sérvisku fólksins“ eða neikvæð viðhorf sem höfðu spilt svo mörgu í barnæsku Bíbíar og áttu eftir að gera út ævi hennar.

Samantekt og lærdómar

Sjálfsævisaga Bíbíar endurspeglar skýrt áhrif mannkynbótastefnu og læknisfræðilegs skilnings á fötlun á uppvaxtarárum hennar. Bíbí var áreiðanlega ekki sér meðvituð, frekar en aðrir samfélagsþegar á þessum tíma, um þessi vísindi og afleiðingar þeirra fyrir fatlað fólk. Hún kenndi „sérvisku fólksins“ um vanda sinn og bágbornar kringumstæður en ekki skerðingu sinni. Skilningur Bíbíar á fötlun var í raun í andstöðu við hefðbundinn skilning læknisfræðinnar þar sem litíð var svo á að öll vandamál væru tilkomin vegna skerðingar einstaklingsins. Með því að kenna „sérvisku fólksins“ um en ekki skerðingu sinni, sýnir Bíbí nútímalegan gagnrýninn félagslegan skilning á fötlun þar sem fötlunarfordómum, neikvæðum viðhorfum og manngerðum hindrunum í samfélaginu er kennt um vanda fatlaðs fólks (Hanna Björg Sigurjónsdóttir o.fl., 2013). Bíbí andæfði „sérvisku fólksins“ og því margþætta misrétti sem hún varð fyrir á lífsleiðinni leynt og ljóst. Þá varpa samtímaheimildir eins og kirkjubækur og manntöl þar sem Bíbí kemur við sögu enn skýrara ljósi á tíðarandann og viðhorf samfélagsins á uppvaxtarárum hennar.

Saga Bíbíar gefur síðan oft allt aðra mynd og í sumum tilvikum kemur saga hennar fram sem eins konar andsaga (e. counter narrative) við þau ableisku viðhorf sem birtast í samtímagögnum og í lýsingum hennar á fordómum í hennar garð. Þó að rauði þráðurinn í sjálfsævisögu Bíbíar sé sú útilokun og niðurlæging sem hún varð fyrir á lífsleiðinni, ekki síst í barnæskunni, er þráin eftir að koma andófi sínu og hugsunum á framfæri sterk og ekki síður að vanda um fyrir þeim sem áreittu hana og komu illa fram við hana. Þessi mótmæli voru ekki alltaf hávær en þau fóru ekki síst fram í huga hennar og í sjálfsævisögunni kemur hún þeim til skila. Í sögu hennar kemur líka fram að um margt lifði hún svipuðu lífi og önnur íslensk sveitabörn og væntingar og vonir Bíbíar voru þær sömu og margra annarra barna á framanverðri 20. öld. Þær fólust fyrst og fremst í að vera viðurkennd af fjölskyldu sinni og samtímafólki, eiga öruggt skjól og fá að vera með sínum nánustu. Þær viðteknu hugmyndir og staðalímyndir samfélagsins sem mættu Bíbí gerðu það þó að verkum að hún var einangruð og falin á heimili sínu og fékk hvorki að ganga í skóla né fermast með jafnöldrum sínum.

Í barnæsku Bíbíar samtvinnast breytur eins og fötlun, stétt og kyn sem leiddi til þess að Bíbí varð fyrir margþættri mismunun í lífi sínu. Sem dæmi um hvernig kyn og fötlun samtvinnuðust í barnæsku Bíbíar má nefna að Steini bróðir hennar var tekinn fram yfir hana vegna þess að hún var „fötlúð stúlka“ en hann ófatlaður drengur. Foreldrar Bíbíar voru fátækir kotbændur og í sögu Bíbíar koma fram mörg dæmi um með hvaða hætti fötlun hennar og stéttarstaða samtvinnuðust og ollu

margþættri mismunun í lífi hennar. Glöggð dæmi um það er mismunandi félagsleg staða Bíbíar og Öldu vinkonu hennar en báðar voru þær fatlaðar. Foreldrar Öldu voru aftur á móti mun hærra settir í virðingargstiga samfélagsins en foreldrar Bíbíar. Alda gekk í skóla og fermdist með jafnöldrum sínum en Bíbí ekki. Af þessu má sjá með hvaða hætti margþætt mismunun og ólíkar félagslegar breytur samtvinnast og skapa margfalt lag af mismunun og útilokun í lífi Bíbíar (Campbell, 2009). Enginn vafi leikur á að sú margþætta mismunun sem Bíbí varð fyrir hafði áhrif á líðan hennar og tilveru. Þrátt fyrir að sjálfsævisaga Bíbíar varpi ljósi á þann órétt sem hún var beitt endurspeglar hún þó fyrst og fremst persónu Bíbíar, en hún var húmoristi, mikill náttúruunnandi, dýravinur og trygg vinkona.

Hvaða erindi á sjálfsævisaga eins og Bíbíar við 21. öldina, hvað getum við lært af henni og þeirri aðferð sem við beittum við greiningu á sögu Bíbíar? Þótt ekki sé hægt að bera aðstæður fatlaðra barna og skólakerfi nútímans saman við það sem var við lýði á uppvaxtarárum Bíbíar er margt sem bendir til að ableísk viðhorf og orðræða grundvölluð í mannkynbótastefnu og læknisfræði sé enn þrautseig (Campbell, 2009). Þá má spyrja hvort „sérviska fólksins“ eins og Bíbí orðaði það, og átti við þau ableísku viðhorf sem spilltu svo mörgu í barnæsku hennar, séu nú til dags ein af meginástæðum fyrir því að skóli og samfélag án aðgreiningar hefur átt erfitt uppdráttar? Þá leikur heldur enginn vafi á að heimfæra má þá margþættu mismunun sem Bíbí varð fyrir á grundvelli kyns, stéttarstöðu og fötlunar á stöðu margra fatlaðra barna í nútímanum þó að í annarri mynd sé. Í nýlegum íslenskum rannsóknum hefur til dæmis komið fram að stéttarstaða, kyn og fötlun hafa veruleg áhrif á möguleika fatlaðra barna til náms. Auk þess miðast skipulag margra skóla fyrst og fremst við einsleitan nemendahóp, þ.e. þann sem telst „normal“ (Kristín Björnsdóttir, 2014; Kristín Björnsdóttir og Eiríksína Eyja Ásgrímsdóttir, 2020).

Gagnrýnin fötlunarfræði og einsaga eru fræðitilraunir sem sækjast eftir að vinna með efni af því tagi sem Bíbí skildi eftir sig. Lífshlaup og frásagnir Bíbíar sjálfrar og hinar opinberu heimildir sem til eru um hana bjóða upp á alveg nýja sýn á samfélagsþróun 20. aldarinnar og veita ótrúlega skýra mynd af þyrnum stráðri vegferð Bíbíar. Hafa verður í huga að hún féll frá í lok síðustu aldar og þessi greining öll býður vissulega upp á að við greinum nútímasamfélagið í ljósi reynslu Bíbíar eins og hún lýsir henni í sinni einstöku sjálfsævisögu. Líta má svo á að helsti ávinningur af því að tvíanna saman aðferðum gagnrýnninnar fötlunarfræði og einsögu sé að afhjúpa hina margþættu mismunun sem fatlað fólk og aðrir á jaðri samfélagsins hafa orðið fyrir. Þannig fæst tækifæri til að greina með hvaða hætti hugmyndakerfi sem ríktu í samfélögum fyrri tíma hafa átt þátt í að móta og viðhalda ableískum viðhorfum í garð þeirra sem eru á jaðrinum og afhjúpa dulda fötlunarförðoma og jafnvel menningarlega samþykkt misrétti bæði að fornu og nýju.

Bíbí in Berlin. Education and confirmation

Bíbí is a nickname for Bjargey Kristjánsdóttir, an Icelandic woman who was born in 1927 and died in 1999. She grew up on a small farm called *Berlin* in northern Iceland. Bíbí fell seriously ill when she was in her first year and after that she was labelled ‘feble-minded’ by her family and local community. In her early years, Bíbí was excluded within the local community and hidden from visitors at her home. Her autobiography, however, evinces intelligence and insight into her life and circumstances. The autobiography is a huge work, totaling about 120,000 words. Bíbí wrote her autobiography alone, keeping it secret from her family and neighbors. In this chapter, Bíbí’s childhood story will be analysed based on two research disciplines: critical disability studies and microhistory. By connecting these two research fields, we will subsequently provide a new way of critical thinking about disability as well as history. A feminist intersectionality framework is used to analyse Bíbí’s childhood story; more specifically to explore how social class, disability and gender intersected and afflicted Bíbí’s childhood life and education.

The main aim of this chapter is twofold. Firstly to shed light on Bíbí’s childhood, especially her education and confirmation. On the other hand, the goal is to explore various official records, such as church records, parish registers and annual reports. As well as explaining various events in Bíbí’s life, those documents also elucidate the

spirit of the age and the perspectives of the community she was brought up in. We also wish to clarify how the scientific knowledge and dominant ideology about people with intellectual disabilities influenced and shaped Bíbí's life and circumstances. Bíbí's autobiography clearly reflects the influence of the grand narrative of eugenics and the medical understanding of disability (Carlson, 2010). As a result, Bíbí was marginalised and experienced many forms of exclusion and oppression. Bíbí was definitely unaware, as were other members of the community in those times, of the impact of eugenics and medical science upon negative attitudes towards her. She blames the "peculiar attitude of the people," not her impairment, for her problems and wretched circumstances. It could be maintained that Bíbí's understanding of disability was opposed to the traditional medical understanding, where all problems are seen in terms of the impairment of the individual (Goodley, 2016). Blaming the present state of mind of the general public reveals the modern social understanding of disability.

Critical disability studies note that disability only becomes a barrier because of society's negative attitudes and responses (Meekosha & Shuttleworth, 2009). Bíbí did not fit into the ableist vision of society and these views were used to justify her unequal treatment and isolation. In Bíbí's case, the negative attitudes of her family and the local community became the largest hindrances in her life. The main theme in the examples from Bíbí's childhood are the exclusion and humiliation she was subjected to. She also includes examples of how she protested and challenged people when she felt she was unfairly treated. Those protests were not always loud; they frequently occurred in her mind, as demonstrated by the text of her autobiography. Although the examples from Bíbí's autobiography reveal the injustice she had to live with, they also strongly reflect Bíbí's personality; she was a humourist, a great lover of nature and animals, and, in many respects, her way of life resembled that of other country children. Bíbí shows us that the longings and expectations of the little girl are the same as those of her peers early in the early twentieth century, which first and foremost involved the comforting presence of family and loved ones, safe shelter, having friends and being involved and accepted by one's family and the local community.

The examples from Bíbí's story presented in the chapter also clearly reveal how those three social categories – that is, disability, social class and gender – intersect in Bíbí's life and lead to multiple forms of oppression and exclusion in her life. An example of the way gender and disability intersect in Bíbí's childhood is how her brother Steini was preferred to her, as she points out, because she was a "disabled girl" and he was a boy. Bíbí's parents were poor farmers and her story contains numerous examples of the way her disability and social class intersects. A clear case in point is the difference in social position of Bíbí and her friend Alda, both of whom had disabilities. Alda's parents were, however, positioned considerably higher on the social ladder than Bíbí's parents. Alda was allowed to go to school and she was confirmed with her peers but Bíbí was not. Thus, it becomes more apparent that different social categories and forms of oppression work together in producing multiple layers of discrimination and oppression in Bíbí's life .

Key words: Autobiography, critical disability studies, microhistory, intersectionality

Um höfunda

Guðrún V. Stefánsdóttir (gvs@hi.is) er prófessor í fötlunarfræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sérsvið hennar eru lífssögu- og samvinnurannsóknir með fötlugu fólki, rannsóknir á sjálfræði og háskólanámi fyrir fólk með þroskahömlun.

Sólveig Ólafsdóttir (solveig@hi.is) var framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar ses. 2010–2015, lauk doktorsprófi í sagnfræði frá Háskóla Íslands 2022 og er stundakennari við HÍ. Hún er þátttakandi í RANNÍS-rannsóknarverkefninu Bíbí í Berlín.

Sigurður Gylfi Magnússon (sgm@hi.is) er prófessor í menningarsögu við Hugvísindasvið Háskóla Íslands. Hann er höfundur 25 bóka sem birst hafa bæði á Íslandi og erlendis og fjölda greina í ritrýndum tímaritum. Hann er ritstjóri Sýnisbókar íslenskrar alþýðumenningar ásamt Davíð Ólafssyni og er einnig meðritstjóri bókflokksins Microhistories sem Routledge gefur út.

About the authors

Guðrún V. Stefánsdóttir (gvs@hi.is) is a professor in disability studies at the School of Education, University of Iceland. Guðrún has specialised in lifehistory research and inclusive research and worked closely with disabled people in research. In addition, she has been doing research on autonomy and people with intellectual disabilities and educational research on university education for people with intellectual disabilities.

Sólveig Ólafsdóttir (solveig@hi.is) Executive Director of The Reykjavik Academy 2010-2015. Completed PhD in history at the University of Iceland in 2022. Part time teacher at the University of Iceland. A member of the Icelandic Centre for Research project Bibi in Berlin.

Sigurður Gylfi Magnússon (sgm@hi.is) is Professor of Cultural History at the University of Iceland. His latest books in English are *What is Microhistory? Theory and Practice* (2013) co-authored with István M. Szijártó; *Minor Knowledge and Microhistory* (2017), co-authored with Davíð Ólafsson; *Emotional Experience and Microhistory* (2020), and finally *Archive, Slow Ideology and Egodocuments as Microhistorical Autobiography: Potential History* (2021) – all published by Routledge. He is the founder and an editor of the book series “The Anthology of Icelandic Popular Culture” (Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar) and also co-editor with István M. Szijártó of the series “Microhistories,” published by Routledge.

Heimildaskrá

Óprentaðar heimildir

Þjóðskjalasafn Íslands [ÞÍ.]:

ÞÍ. Manntalið 1940 - Hagstofa Íslands 1955 A/32-1-1. Skagafjarðarsýsla.

ÞÍ. Skjalasafn landlæknis. Skýrslur héraðslækna fyrir árið 1937.

ÞÍ. Fell í Sléttuhlíð - prestakall 0000 BA/6-1-1. Prestsþjónustubók 1918-1960.

Birtar heimildir

Campbell, F. K. (2009). *Contours of ableism*. Palgrave Macmillan.

Carlson, L. (2010). *The faces of intellectual disability: Philosophical reflections*. Indiana University Press.

Cherney, J. L. (2011). The rhetoric of ableism. *Disability Studies Quarterly*, 3(31). <https://doi.org/10.18061/dsq.v31i3.1665>

Collins, P. H. og Bilge, S. (2016). *Intersectionality*. Polity Press.

Crenshaw, K. (1989). Demarginalizing the intersection of race and sex: A black feminist critique of antidiscrimination doctrine. *University of Chicago Legal Forum*, 140(1), 139–168.

Embla Guðrúnar Ágústsdóttir, Ásta Jóhannsdóttir og Freyja Haraldsdóttir. (2020). Öráreitni og ableismi: Félagsleg staða ungs fatlaðs fólks í almennu rými. *Íslenska þjóðfélagið*, 11(2), 3–18. <https://www.thjodfelagid.is/index.php/Th/article/view/192>

Goodley, D. (2016). *Disability studies. An interdisciplinary introduction*. Sage.

Guðrún V. Stefánsdóttir. (2008). „Ég hef svo mikið að segja“: Lífssögur Íslendinga með þroskahömlun á 20. öld [doktorsritgerð]. Háskóli Íslands.

- Guðrún V. Stefánsdóttir. (2010). Raddir fólks með þroskahömlun: Bernska og æskuár. *Tímarit um menntarannsóknir*, 7, 13–27.
- Hanna Björg Sigurjónsdóttir, Ármann Jakobsson og Kristín Björnsdóttir. (2013). *Fötlun og menning. Íslandssagan í öðru ljósi*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands; Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum.
- Hilma Gunnarsdóttir. (2009). *Viljinn í verki: Saga Styrktarfélags vangefinna 1958–2008*. Ás styrktarfélag.
- Hollomotz, A. (2011). *Learning difficulties and sexual vulnerability: A social approach*. Jessica Kinglsey.
- Kristín Björnsdóttir. (2014). „Ég fékk engan stuðning í skólanum“: Fötlun, kyngervi og stétt. Í Annadís G. Rúdólfsdóttir, Guðni Elísson, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Irma Erlingsdóttir (ritstjórar), *Fléttur III: Jafnrétti, menning, samfélag* (bls. 233–257). Háskólaútgáfan.
- Kristín Björnsdóttir og Eiríksína Eyja Ásgrímsdóttir. (2020). „Covid bjargaði mér“: Störf kennara í fyrstu bylgju heimsfaraldurs. *Sérít Netlu 2020 – Menntakerfi og heimili á tímum COVID-19*. https://netla.hi.is/serrit/2020/menntakerfi_heimili_covid19/04.pdf
- Loftur Guttormsson (ritstjóri). (2008). Tímamótin 1907. *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007* (1. bindi, bls. 75–89). Kennaraháskóli Íslands; Háskólaútgáfan.
- Lorde, A. (2017). *Your silence will not protect you*. The Silver press.
- Lög um fávítahæli nr. 18/1936.
- Lög um fræðslu barna nr. 59/1907.
- Meekosha, H. (2006). What the hell are you? An intercategory analysis of race, ethnicity, gender and disability in the Australian body politic. *Scandinavian Journal of Disability Research*, 8(2–3), 161–176.
- Meekosha, H. og Shuttleworth, R. (2009). What’s so critical about critical disability studies? *Australian Journal of Human Rights*, 15(1), 47–75. <https://doi.org/10.1080/1323238X.2009.11910861>
- Pétur Pétursson. (2017). *Church and social change. A study of the secularization process on Iceland since 1830*.
- Rannveig Traustadóttir (ritstjóri). (2006). *Fötlun: Hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði*. Háskólaútgáfan.
- Salisbury, S. (2003). Cretinism: The past, present and future of diagnosis and cure. *Paediatric Child Health*, 8(2), 105–106.
- Scheerenberger, R. C. (1983). *A history of mental retardation*. Paul H. Brooks.
- Sigurður Gylfi Magnússon. (1997). *Menntun, ást og sorg. Einsögurannsókn á íslensku sveitasamfélagi 19. og 20. aldar. Sagnfræðirannsóknir 13*. Háskólaútgáfan.
- Sigurður Gylfi Magnússon. (2005). *Sjálfsögur: Minni, minningar og saga. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 11*. Háskólaútgáfan.
- Sigurður Gylfi Magnússon. (2010). *Wasteland with words: A social history of Iceland*. Reaktion Books.
- Sigurður Gylfi Magnússon og Szijártó, I. M. (2013). *What is microhistory? Theory and practice*. Routledge.
- Skólabyggingar í sveitum. (1938). *Menntamál* 1, 44.
- Sólveig Ólafsdóttir. (2022). *Vald og vanmáttur. Eitt hundrað og ein saga á jafri samfélagsins 1770–1936* [doktorsritgerð]. Háskóli Íslands. <https://hdl.handle.net/20.500.11815/3214>
- Tabú. (e.d.). *Feminísk fötlunarhreyfing*. <https://www.tabu.is/>
- Unnur B. Karlsdóttir. (1998). *Mannkynbætur: Hugmyndir um bætt kynstofna hérlendis og erlendis á 19. og 20. öld*. Háskólaútgáfan.



Guðrún V. Stefánsdóttir, Sólveig Ólafsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon. (2022)

Bíbí í Berlín upprædd og fermd.

Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérít 2022 – Framtíð og tilgangur menntunar: Sérít til heiðurs Jóni Torfa Jónassyni, prófessors emeritus

Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2022/heidurs_jon_torfa/24.pdf

DOI: <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2022.94>